



## Heitavatnsöflun á Svalbarðseyri

**Axel Björnsson**

**Greinargerð AB-81/02**

HEITAVATNSÖFLUN Á SVALBARDSEYRI

Í skýrslu Jarðhitadeilda Orkustofnunar (OS 80007/JHD03) frá mars 1980 er bent á að vänlegasta leiðin til öflunar aukins heits vatns til upphitunar húsa á Svalbarðsströnd sé borun annarrar holu. Holan var staðsett suðvestur af sundlaug staðarins og var laegt til að hún yrði boruð niður á 1500-1800 m dýpi. Í áætlun Jarðborana ríkisins frá 13. mars 1980 er gert ráð fyrir að borun holunnar kosti 1 m. nýkr.

Borun holunnar hefur staðið yfir undanfarnar vikur og var holan komin í 1269 m dýpi í síðustu viku þegar borinn var fluttur í annað verk. Um 2 l/s renna úr holunni. Holan hefur ekki enn náð fyri huguðu dýpi og teljum við, að fengnum hitamælingum í holunni, vänlegast til árangurs að bora holuna áfram niður á að minnsta kosti 1500 m eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

Kostnaðaráætlun frá Jarðborunum ríkisins gerð í mars 1981 gerir ráð fyrir að heildarkostnaður við holuna verði 2 m. nýkr. með rýmingu og fóðrun.